



Menningarmánuðurinn október 2017 – Dagskrá

- 30. sept. Næturdrottning í Húsinu á Eyrarbakka kl. 21:00**
Næturdrottning tekur á móti gestum í Húsinu á síðasta sýningardegi sumarsýningarinnar „Kjöllinn“.
Frítt inn.
- 1. október Sumarsýningu lýkur í Húsinu á Eyrarbakka kl. 14:00 – 17:00**
Sumarsýningunni „Kjöllinn“ lýkur með pompi og prakt. Kjólaflóð verður í stofum Hússins, söngdívagleður gesti, hönnuður sýnir einstakan grjóttakjól, rithöfundur veltir vöngum, verslunarkonur segja bransasögur og kjólakaffi verður í boði safnsins. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkir viðburðinn.
Frítt inn.
- 7. október „SKÁLASÖGUR“ – Tryggvaskáli á Selfossi kl. 16:00**
Formleg opnun menningarmánaðarinnar október 2017. Í tilefni af 70 ára afmæli Selfossbæjar verður saga Tryggvaskála sögð í lifandi frásögn þeirra Bryndísar Brynjólfsdóttur, Þóru Grétarsdóttur, Þorvarðar Hjaltasonar og fleirum. **Kristjana Stefáns** syngur við undirleik Kjartans Valdemarssonar og **Mánarnir Labbi og Bassi** spila nokkur lög. *Frítt inn.*
- 8. október Tónleikar í Eyrarbyggjakirkju kl. 16:00**
Notalegir tónleikar í Eyrarbyggjakirkju í tilefni af 120 ára afmæli Eyrarbakka og 140 ára afmæli Sigfúsar Einarssonar, tónskálds. Á meðal flytjanda eru **Kammerkór Suðurlands, Örlugur Benediktsson, Karen Dröfn Hafþórsdóttir** ásamt fleirum. *Frítt inn.*
- 14.–15. / 21.–22. október „SÖGUR OG SÖNGUR“ í Húsinu á Eyrarbakka kl. 14:30**
Ásta Krístrún les kafla úr útkominni bók sinni um formæður í fjóra ættliði. Þrjár hinna sögulegu kvenna ýmist bjuggu eða fæddust í Húsinu á 19. öld. Valgeir Guðjónsson leikur og syngur sín ljúfustu lög fyrir og eftir upplestur. *Frítt inn* Rauða húsið er síðan með sérstakt menningarkaffi að loknum viðburði.
- 22. október Stokkseyrartónleikar í Stokkseyrarkirkju kl. 20:00**
Hermundur Guðsteinsson og Kolbrún Hulda Tryggvadóttir syngja íslensk og erlend sönglög við undirleik Jóns Bjarnasonar, píanóleikara. *Frítt inn.*
- 26. október „SELFOSSTÓNAR“ – Selfosskirkja kl. 20:00**
Í tilefni af 70 ára afmæli Selfossbæjar er rifjuð upp tónlistarsaga svæðisins með sérstaka áherslu á kóra- og tónlistarskólaskólastarfið. Tónlistarstjóri er Jóhann Stefánsson og fram koma meðal annars Karla-kór Selfoss, Jórúkkórinn, Kirkjukór Selfosskirkju og Lúðrasveit Selfoss. Heiðursgestir kvöldins eru Ásgeir Sigurðsson og Jón Ingi Sigurmundsson. *Frítt inn.*
- 18. nóv. „ÁRVAKAN“ – Selfossbíó kl. 16:00**
Már Ingólfur og Þorsteinn Tryggvi Mássynir stýra Árvöku í Selfossbíói. Árvaka er menningarhátíð Selfossbæjar og var haldin fyrst árið 1972 þegar bærinn fagnaði 25 ára afmæli. Viðeigandi er við þau tímamót sem 70 ára afmælið er að líta til baka og skoða með augum dagsins í dag þá atburði og fólkið sem mótaði Selfossbæ. Þorsteinn og Már munu fara yfir sögu Selfoss frá brúarsmíði og jafnvel lengra aftur og til dagsins í dag. Stiklað verður á stóru um söguna og frásögn þeirra krydduð með innskotum og upprifjunum valin kunnra Selfyssinga á Selfossi æsku sinnar. Myndefni er frá Gunnari Sigurgeirssyni sem hefur safnað í sarpinn miklu magni myndefnis sem gefur skemmtilega og lifandi mynd af bæ í sífelldri þróun. *Frítt inn.*

Íþrótt- og menningarnefnd Sveitafélagsins Árborgar.

www.arborg.is